



Stafrænt samstarf sveitarfélaga

Valkostir fyrir framtíðarfyrirkomulag

Mars 2023

Efnisyfirlit

- 4 Verkefnið
- 7 Núverandi skipulag
- 12 Framtíðarstaða

Tengiliðir KPMG

Davíð Halldórsson

✉ dhalldorsson@kpmg.is

☎ 545 6134

Hjálmur Hjálmsson

✉ hjalmsson@kpmg.is

☎ 545 6197

Fyrirvari:

Greiningin er unnin af KPMG skv. samkomulagi við Samband Íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að leggja fram fýsilega valkosti fyrir áframhaldandi samstarf sveitarfélaga í kringum stafræn mál.

KPMG ber ekki skylda til að uppfæra skýrsluna vegna upplýsinga sem fram kunna að koma eftir að skýrslan hefur verið gefin út. Enn fremur ber KPMG ekki ábyrgð á efni skýrslunnar ef upplýsingar sem KPMG voru látnar í té við skýrslugerðina reyndust rangar eða ófullnægjandi. Í einhverjum tilvikum kann lesandi að vilja nánari upplýsingar eða lýsingar á kröfum í skýrslunni og er það á ábyrgð lesanda að óska eftir viðbótarupplýsingum telji hann þörf á því.

Skýrsla þessi er unnin fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga, inniheldur trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætluð til nota fyrir verkkaupa í samræmi við tilgang verkefnisins. Skýrslan og önnur skjöl eru ekki til dreifingar í heild eða hluta til þriðja aðila án samráðs við KPMG.

Allar ákvarðanir sem teknar kunna að verða á grundvelli upplýsinga sem settar eru fram í skýrslunni eru á ábyrgð lesanda.

Íhnotskurn

Byggja þarf ofan á grunninn

Ljóst er af samtölum að við óbreytt ástand verður ekki unað. Mikið álag hefur verið á starfsfólki og innanhúss togstreita staðið í vegi fyrir framgangi og vinnslu verkefna. Fjölga þarf vöru- og verkefnastjórum og byggja ofan á þann grunn sem lagður hefur verið.

Fleiri snertipunkta við sveitarfélög

Helsta vandamál margra sveitarfélaga er skortur á þekkingu og reynslu af stafrænum málum og til staðar er lítil geta til að þróa verklag. Fjölga þarf snertipunktum við sveitarfélög með stafrænum leiðtogum og sömuleiðis þarf að endurskilgreina og efla hlutverk faghóps um stafræna þróun.

Valkostur 1: Verkefnastofa um stafræn sveitarfélög

Sjálfstæður lögaðili utan sambandsins sem heyrir undir Stafrænt ráð með tryggt fjármagn til 3-5 ára í senn og byggir á nánu samstarfi við Reykjavíkurborg að fyrirmynd Jafnlaunastofu.



Tryggt fjármagn og umboð

Tryggja þarf fast fjármagn til fleiri ára í senn og sömuleiðis þarf að skerpa á verklagi við kostnaðarmat og forgangsröðun verkefna.

Skynsamleg nýting opinbera fjármuna

Stórefla þarf samstarf við bæði Stafrænt Ísland og Reykjavíkurborg. Í báðum tilfellum eru til staðar verkferlar, þekking, reynsla og lausnir sem sveitarfélög geta nýtt sér. Leita þarf leiða til þess að sveitarfélög séu ekki að margsmíða sömu kerfin.

Valkostur 2: Nýtt svið innan sambandsins

Sér svið innan Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem einblínir á stafræna þjónustu og stafræna þróun sveitarfélaga.

01

Verkefnið

Verkefnið



Mörkuð verði stefna fyrir framtíðarstarfsemi Stafræns umbreytingateymis til að hámarka getu sambandsins til að styðja sveitarfélögin í stafrænni vegferð.



Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni þróun og nýta nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúa.

Leitað var til KPMG um að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga ráðgjöf við að stilla upp framtíðar rekstrarfyrirkomulagi og fjármögnun stafræns samstarfs sveitarfélaga, að undangenginni greiningu á núverandi fyrirkomulagi.

Helstu þættir verkefnis:



Núverandi staða

Framkvæma greiningu á núverandi skipulagi og rekstri stafræns samstarfs sveitarfélaga. Draga fram núverandi stöðu m.t.t. kosti og galla.



Mannauður

Leggja mat á mannafla- og þekkingarþörf og setja fram tillögur um framtíðarþróun m.v. mismunandi fjármagn sem yrði til staðar.



Framtíðarstaða

Stilla upp framtíðar rekstrarfyrirkomulagi og fjármögnun stafræns samstarfs sveitarfélaga þar sem horft er m.a. til þjónustukjarna (e. Center of Excellence)



Stafrænt umbreytingarteymi vinnur að framkvæmd stafrænna samstarfsverkefna sveitarfélaga

02

Núverandi skipulag

Hlutverk stafræns umbreytingarteymis

Hlutverk teymisins er að styðja við og þjálfa sveitarfélögin í stafrænni vegferð, ásamt því að leiðbeina og miðla upplýsingum til sveitarfélaga við vinnslu stafrænna verkefna. Teymið vinnur að stefnumörkun og framkvæmd stafrænna samstarfsverkefna sveitarfélaga í samvinnu við stafrænt ráð og faghóp.



Notendavænni og sjálfvirkari þjónusta við íbúa

Stafrænt umbreytingarteymi styður sveitarfélögin við að veita notendavæna þjónustu á skilvirkan og hagkvæman hátt. Sem dæmi má nefna umsókn um fjárhagsaðstoð, sem var fjármagnað af ríkinu og spjallmenni þar sem rúmlega 20 sveitarfélög hafa staðfest þátttöku.



Nútímalegri tæknilegir innviðir sveitarfélaga

Stafrænt umbreytingarteymi aðstoðar sveitarfélögin við að nútímavæða tæknilega innviði og birta meðal annars leiðbeiningar og ákvarðanatré, fræðslu og tæknigrunn til að einfalda sveitarfélögum ákvarðanir varðandi t.d. Microsoft leyfamál, skjalamál og rafræn skil.



Tæknilegur stuðningur við sveitarfélög

Stafrænt umbreytingarteymi heldur uppi vef samstarfs sveitarfélaga þar sem miðlað er fréttum, fræðslu, vefupptökum af veffundum og ráðstefnum, Lausnatorgi og Kistunni. Þá var gerð áhættugreining á kennsluhugbúnaði með það að markmiði að auka öryggi í kennslu.

Núverandi skipulag og rekstur

Sveitarfélögin
óskuðu eftir
auknu samstarfi
og ábyrgð

Stuðningur frá
stafrænu ráði
sveitarfélaga og
faghóp

Þrjú stöðugildi í
stafrænu
umbreytingar-
teymi sem heyrir
undir alþjóða- og
þróunarsvið

Flest sveitarfélög
skuldbundin út
árið 2023

Bakgrunnur

Leiðtogi stafræns umbreytingarteymis sambandsins var ráðinn til starfa inn á þróunar- og alþjóðasvið í lok árs 2019. Eftir ár af samtali við sveitarfélögin, var ljóst að það var mikill áhugi fyrir auknu samstarfi og að sambandið tæki meiri ábyrgð á stafrænni umbreytingu sveitarfélagana. Í júní 2021 var teymið stækkað og ráðnir inn tveir einstaklingar til viðbótar við leiðtoga teymisins. Opnuð var upplýsingasíða undir nafninu Stafræn sveitarfélög og virku samtali við sveitarfélög komið á laggirnar.

Mannauður

Teymið samanstendur í dag af þremur einstaklingum. Leiðtogi teymisins sinnir margvíslegum verkefnum er snúa m.a. að verkefnastjórnun, reikningagerð, samningagerð og ráðningum. Þá sinnir starfsfólk teymisins verkefna- og vörustýringu ásamt því sem verktakar eru ráðnir inn ef þörf er á. Þá hefur lögfræðingur sambandsins komið að gerð og utanumhaldi samninga.

Uppbygging

Undir stjórn sambandsins var stofnað stafrænt ráð sveitarfélaga að eftirmynd Norðmanna og Dana. Í ráðinu situr einn kjörinn fulltrúi eða framkvæmdarstjóri sveitarfélags frá hverjum landshluta auk Reykjavíkur og er hlutverk ráðsins m.a. að stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga í stafrænni framþróun. Stofnaður var faghópur um stafræna umbreytingu, þar sem sérfræðingar sveitarfélaga koma á framfæri hugmyndir og hugleiðingar.

Fjármögnun

Samstarfið um stafræna umbreytingu er fjármagnað með grunnframlagi sem stendur undir launakostnaði starfsfólks teymisins ásamt framlögum sem standa straum af uppbyggingu sérstakra verkefna s.s. tengdum tæknilegum innviðum, þekkingaruppbyggingu og þróun sameiginlegra lausna og fjárfestingu á lausnum. Hvert sveitarfélag greiðir 200.000 króna grunnjald ásamt því að greiða hlutfallslega upphæð sem byggir á íbúafjölda sveitarfélagsins.

Helstu áskoranir

Væntingar sveitarfélaga til aukins samstarfs

Í fyrri greiningum á stafrænu samstarfi sveitarfélaga hefur borið á talsverðum væntingum sveitarfélaga til samstarfs í kringum starfræn málefni. Fá sveitarfélög af þeim 63 sem um ræðir, Reykjavík er þar undanskilin, hafa yfir að ráða starfsfólki sem sérhæfir sig í rekstri eða þróun upplýsingatækniherfa og eru þau því háð þjónustu utanaðkomandi aðila. Þar sem þjónustuferlar sveitarfélaga eru mjög keimlíkir eru talsverð samlegðaráhrif að finna í auknu samstarfi þeirra.

Mannauður


Ljóst er að fjölmörg og krefjandi verkefni bíða sveitarfélaga ef þau ætla sér að taka skrefið í átt að nútímalegra stafrænu umhverfi. Mikið álag hefur verið á starfsfólki stafræna umbreytingarteymis sambandsins síðustu misseri og óhætt að fullyrða að fjölga þarf starfsfólki þess. Of mörgum verkefnum er haldið á lofti, yfirsýn og eftirfylgni er ábótavant og skerpa þarf á hlutverki teymisins. Hér ber að horfa til reynslu Reykjavíkurborgar, og eftir atvikum Stafræns Íslands, varðandi uppbyggingu þeirra teyma sem þar starfa og læra af því sem vel hefur verið gert þar en ekki síður læra af mistökum þeirra.

Staðsetning í skipuriti

Í samtölum mátti greina að núverandi staðsetning stafræna umbreytingarteymisins í skipuriti Sambands íslenskra sveitarfélaga væri ekki ákjósanleg. Teymið ætti ekki heima sem eining undir Þróunar- og alþjóðasviði og finna þyrfti leiðir til þess að breyta því skipulagi. Umfang teymisins er viðamikil, verkefni fjölmörg og samningar sem gerðir eru við ráðgjafa, verktaka og fleiri sömuleiðis. Núverandi verkferlar sem snúa að reikningagerð valda því að stafræna teymið skortir góða yfirsýn yfir stöðu og fjármögnun verkefna og hefur því ekki forsendur til að samþykkja reikninga.

Togstreita innan sambandsins

Þrátt fyrir sameiginlegan skilning starfsfólks sambandsins um mikilvægi þverfaglegar nálgunar, þá er stafræna teymið að koma of seint inn í verkefni sem snerta á stafrænum verkefnum sveitarfélaga. Skortur virðist vera á samtali milli sviða innan sambandsins og stafræna teymisins. Þá virðist einnig vanta upp á stuðning frá stjórnendum. Skortur á þekkingu og/eða áhuga stjórnenda á stafrænum viðfangsefnum sveitarfélaga veldur því að ekki hefur verið hægt að veita fullan stuðning eða leggja fram úrlausnir við þeim áskorunum sem hafa komið upp hjá teyminu. Leita þarf leiða til að laga það.



Með því að þróa lausnir í sameiningu geta sveitarfélög náð auknu virði fyrir notendur og lægri þróunar- og stjórnunarkostnaði.

03

Framtíðarstaða

Samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu

Mikilvægt er að nýta þann góða grunn sem þegar hefur verið lagður í samstarfi sveitarfélaga á sviði stafrænna mála og byggja ofan á til framtíðar. Ljóst er uppfæra þarf tæknilega innviði sveitarfélaga, auka samfellu í þjónustu, spara tíma starfsfólks og skerpa á samvinnu sveitarfélaga og ríkis með það að markmiði að nýta sem best skattpeninga borgara. Það verður m.a. gert með eftirfarandi:



Samstarf við Stafrænt Ísland

Efla þarf samstarf sveitarfélaga við Stafrænt Ísland og gera sveitarfélögum kleift, eftir atvikum, að nýta miðlægan vettvang island.is með aðstoð frá Stafrænu Íslandi við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög.



Samvinna við Reykjavíkurborg

Mikilvægt er að skerpa á samstarfi sveitarfélaga við Reykjavíkurborg og leita leiða til að nýta þær lausnir sem þar eru til staðar auk þess að nýta þekkingu við uppbyggingu tæknilegra innviða, ferlagreiningar, kostnaðarmöt og forgangsröðun verkefna.



Stuðningur frá samráðsnefnd

Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um stafræna umbreytingu starfar undir Jónsmessunefnd. Mikilvægt er að efla samstarf ríkis og sveitarfélaga um stafræna þróun til framtíðar.



Skilvirkni í rekstri

Markviss forgangsröðun verkefna og nákvæmt kostnaðarmat er forsenda áframhaldandi samstarfs. Samstarfið er mikilvægur liður í að skila skilvirkum rekstri til framtíðar svo sveitarfélög séu betur í stakk búin til þess að takast á við aukið magn og umfang þjónustu.

Forsendur frekari árangurs

Ljóst er af raundæmum og reynslu að forsendur frekari árangurs í stafrænu samstarfi sveitarfélaga hverfast í kringum þrjá lykilþætti:

- Fólk
- Fjármagn
- Umboð

Tryggja þarf að hugað verði að þessum þáttum við framtíðarskipulag samstarfsins.



Fólk

Tryggja þarf mönnun með vöru- og verkefnastjórum auk stafrænna leiðtoga í landshluta. Framkvæmdastjóri/sviðsstjóri yrði ábyrgur fyrir utanumhaldi og rekstri. Stuðningur frá Reykjavíkurborg og stóraukið samstarf við Stafrænt Ísland.



Fjármagn

Tryggja þarf fjármagn til 3-5 ára í senn og skilgreina vel þáttökuskilmála verkefna fyrir sveitarfélög. Einnig þarf ítarlegt og nákvæmt kostnaðarmat á verkefnum áður en haldið er af stað með það að markmiði að nýta opinbert fjármagn sem best.





Umboð

Skilgreina þarf ítarlega umboð og ábyrgð teymis sem sinnir stafrænni þróun sveitarfélaga. Styttu þarf boðleiðir og efla samtal starfsfólks teymisins við sveitarfélög.

Valkostir

Tveir valkostir eru settir fram til frekari ítrunar. Þeir byggja á viðtölum við hagaðila innan Sambands Íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélaga og ríkis auk rýni fyrirbyggjandi gagna. Valkostunum er ætlað að sýna fram á hvernig hægt er að skerpa á stafrænu samstarfi sveitarfélaga til framtíðar, lista upp þær aðgerðir sem ráðast þarf í og draga fram kosti og galli. Í framsetningu á báðum valkostum er horft til ákveðinna grunnforsenda, sem nefndar eru á bls. 13, sem hafðar eru til hliðsjónar í framsetningu og greiningu s.s. samstarf við bæði Stafrænt Ísland og Reykjavíkurborg sem bæði hafa líst yfir áhuga á frekara samstarfi. Dregin eru fram tækifæri og áherslur sem eiga sérstaklega við hvern valkost fyrir sig.




Verkefnastofa um Stafræn sveitarfélög

Sjálfstæður lögaðili utan sambandsins sem heyrir undir Stafrænt ráð með tryggt fjármagn til 3-5 ára í senn og byggir á nánú samstarfi við Reykjavíkurborg að fyrirmynd Jafnlaunastofu.

Nýtt svið innan Sambandsins

Sérstakt svið innan Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem einblínir á stafræna þjónustu og þróun stafrænna ferla sveitarfélaga.

Valkostur 1: Verkefnastofa um stafræn sveitarfélög



* Sjá nánari hlutverkalýsingar í viðauka

Verkefnastofa um stafræn sveitarfélög



Sjálfstæður lögaðili

Verkefnastofa um stafræn sveitarfélög er rekin sem sjálfstæður lögaðili, fjármögnuð af sveitarfélögum landsins, sem stendur utan við rekstur sambandsins. Má hér horfa til reksturs Jafnlaunastofu sem fyrirmyndar þar sem sambandið og Reykjavíkurborg vinna í sameiningu við góðan orðstír. Þannig er t.d. fjármálaábyrgð og launastrúktúr sjálfstæður og bókhald- og launavinnsla ásamt mannauðsmálum mögulega útvistuð s.s. til sambandsins. Verkefnastofa um stafræn sveitarfélög mun heyra beint undir Stafrænt ráð sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri Verkefnastofunnar uppfærir stjórn reglulega um stöðu helstu verkefna, fjármála og málefni starfsfólks sem mun falla undir ferla mannauðs- og starfsmannamála sem skilgreindir eru fyrir verkefnastofuna.

Tryggja þarf fjármögnun til 3-5 ára í senn eftir sama fjármögnunarmódeli og gert er í dag. Engin ástæða er til þess að breyta núverandi fjármögnunarlíkani sem hingað til hefur verið stuðst við nema að því leiti að tryggja þarf fast fjármagn fyrir hvert rekstrarár óháð því hvort ráðist verði í tiltekin verkefni eða ekki. Hins vegar er mikilvægt að kostnaðarmeta þau verkefni sem ráðast á í betur til framtíðar til þess að auka yfirsýn og efla skilvirkni í vinnslu þeirra. Læra má af aðferðum t.d. Stafræns Íslands og Reykjavíkurborgar við bæði kostnaðarmat og forgangsröðun verkefna.

Fjölgun starfsfólks

Sé tekið mið af þeim verkefnum sem eru í vinnslu og þeim verkefnum sem framundan eru má gera ráð fyrir því að fjölga þurfi starfsfólki Verkefnastofunnar úr þremur í að minnsta kosti fimm. Þörf er á fleiri vöru- og verkefnastjórum sem halda utan um þau verkefni sem eru í gangi og aðstoða sveitarfélög við innleiðingar þeirra. Með því að fjölga starfsfólki er hægt að fjölga snertipunktum við þau sveitarfélög sem í dag hafa ekki yfir að ráða stafrænum leiðtogum og vera þeim innan handar við innleiðingar.

Ekki er gert ráð fyrir því að starfsfólk verkefnastofunnar sé í hugbúnaðargerð eða í þróun lausna heldur verði leitað til þar til gerðra sérfræðinga á markaði og/eða leitað leiða til að nýta þær lausnir sem þegar hafa verið þróaðar fyrir opinbera aðila t.d. Reykjavíkurborg og Stafrænt Ísland.

Skerpa á hlutverki faghóps

Faghópur um stafræna umbreytingu, sem stofnaður var í desember 2019, telur nú 13 aðila frá jafnmörgum sveitarfélögum. Í hópnum eiga sæti sérfræðingar sem ráðnir hafa verið innan sveitarfélaga til að leiða þeirra stafrænu vegferð og er ætlunin að hópurinn sé umræðuvettvangur um stafræna þróun sveitarfélaga og sé stafrænu ráði faglegur stuðningur.


Mikilvægt er að skerpa á hlutverki þessa hóps og fækka fulltrúum sem þar sitja ásamt því að skipa í kjölfarið minni faghópa sem einbeita sér að tilteknum viðfangsefnum eins og t.d. faghóp um notendapjónustu, faghóp um innviðakerfi og faghóp um skjalastjórnun o.s.frv. Þessir hópar myndu samtímis vinna náið með vöru- og/eða verkefnastjórum Verkefnastofu um stafræn sveitarfélög.

Stafrænir leiðtogar landshluta

Samhliða stofnun Verkefnastofu þarf stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir því að ráðnir verði stafrænir leiðtogar til landshlutasamtaka. Þó er vert að hafa í huga að ekki er þörf á stafrænum leiðtoga í alla landshluta og meta þarf hversu stórt starfshlutfall á að ráða í hvern landshluta m.t.t. fjölda sveitarfélaga á hverjum stað fyrir sig. Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjölga þarf snertipunktum við sveitarfélög landsins og veita fleiri sveitarfélögum þann möguleika að njóta stuðnings stafræns leiðtoga. Slíkt fyrirkomulag hefur t.d. reynst Reykjavíkurborg vel í sinni stafrænu vegferð og vert að skoða hvernig sú reynsla getur nýst fleiri sveitarfélögum. Lausnin á því gæti verið fölginn í því að stafrænir leiðtogar séu starfsfólk verkefnastofunnar staðsettir hjá landshlutasamtökum.

Í hverju tilfelli vinna stafrænir leiðtogar landshlutasamtakanna náið með Verkefnastofu um stafræn sveitarfélög og starfa skv. stefnu hennar. Hlutverk þeirra verður að halda yfirsýn yfir stöðu upplýsingatæknimála sveitarfélaga auk þess að vera sveitarfélögum innan handar í innleiðingu nýrra lausna og utanumhaldi stafrænna verkefna sveitarfélaga í samstarfi við vöru- og verkefnastjóra Verkefnastofu.

Valkostur 2: Nýtt svið sambandsins



Nýtt svið sambandsins



Þjónustu- og þróunarsvið

Ætli sveitarfélög sér að halda stafrænu umbreytingarteymi innan skipurits sambandsins er ljóst að gera þarf talsverðar breytingar til þess að það gangi upp. Í samtölum kom fram togstreita milli teymisins og stjórnenda sambandsins sem leysa þarf úr. Með skipan nýs sviðs í skipuriti Sambands Íslenskra sveitarfélaga verður leiðtogi stafrænnar umbreytingar sviðsstjóri sem tekur sæti í stjórnendateymi sambandsins.

Áfram mun sviðið njóta góðs af samtölum við stafrænt ráð sveitarfélaga. Sviðsstjóri mun funda reglulega með Stafrænu ráði og uppfærir það reglulega um stöðu helstu verkefna, fjármála og málefni starfsfólks. Eftir sem áður þarf að tryggja fjármögnun teymisins til 3-5 ára og skera þarf úr um hvort það verði áfram gert með sama hætti eða hvort starfsfólk sviðsins verði fjármagnað af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Ljóst er að skerpa þarf á kostnaðarmati og forgangsröðun verkefna sem ráðast á í með það að markmiði að auka yfirsýn og efla skilvirkni í vinnslu verkefna. Hægt er að leita ráðgjafar hjá t.d. Reykjavíkurborg sem nú þegar er með skilvirkt kerfi varðandi bæði kostnaðarmat verkefna og forgangsröðun.

Með staðsetningu teymisins í skipuriti sambandsins verður til staðar ákveðin samfella við önnur svið sem eykur líkurnar á því að gott samtal og samstarf við kjarnasvið sambandsins verði til staðar með það að markmiði að greina tækifæri í stafvæðingu ferla hjá sveitarfélögum landsins.

Skerpa á hlutverki faghóps

Eftir sem áður þarf að efla starf faghóps um stafræna umbreytingu og fækka fulltrúum sem þar sitja ásamt því að skipa minni faghópa sem einbeita sér að tilteknum viðfangsefnum eins og t.d. faghóp um notendþjónustu, faghóp um innviðakerfi og faghóp um skjalastjórnun. Þessir hópar myndu samtímis vinna náið með vöru- og/eða verkefnastjórum Verkefnastofu um stafræn sveitarfélög.

Fjölgun starfsfólks

Sé tekið mið af þeim verkefnum sem eru í vinnslu og þeim verkefnum sem framundan eru má gera ráð fyrir því að fjölga þurfi starfsfólki á nýju sviði úr þremur í að minnsta kosti fimm. Þörf er á fleiri vöru- og verkefnastjórum sem halda utan um þau verkefni sem eru í gangi og aðstoða sveitarfélög við innleiðingar þeirra. Starfsfólk sviðsins mun falla undir núverandi ferla mannauðs- og starfsmannamála í takt við annað starfsfólk sambandsins.

Með því að fjölga starfsfólki er hægt að fjölga snertipunktum við þau sveitarfélög sem í dag hafa ekki yfir að ráða stafrænum leiðtogum og vera þeim innan handar við innleiðingar.

Ekki er gert ráð fyrir því að starfsfólk verkefnastofunnar sé í hugbúnaðargerð eða í þróun lausna heldur verði leitað til þar til gerðra sérfræðinga á markaði. og/eða leitað leiða til að nýta þær lausnir sem þegar hafa verið þróaðar fyrir opinbera aðila.

Stafrænir leiðtogar landshluta

Samhliða því að búa til nýtt svið innan sambandsins þarf stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir því að ráðnir verði stafrænir leiðtogar til landshlutasamtaka. Eftir sem áður er vert að hafa íhuga að ekki er endilega þörf á stafrænum leiðtoga í alla landshluta og hægt að leysa með því að ráða starfsfólk til sambandsins sem staðsett getur verið hjá landshlutasamtökum.

Í hverju tilfalli vinna stafrænir leiðtogar landshlutasamtakanna náið með nýju sviði og starfa skv. stefnu þess við að halda yfirsýn yfir stöðu upplýsingatækni mála sveitarfélaga auk þess að vera sveitarfélögum innan handar í innleiðingu nýrra lausna og utanumhaldi stafrænna verkefna sveitarfélaga í samstarfi við vöru- og verkefnastjóra.

KPMG